

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Umsögn Hótel Íslands, við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402.

Hótel Ísland er 129 herbergja hótel að Ármúla 9 í Reykjavík og rekið af Heilsumiðstöðinni ehf.

Síðastliðið ár hafa ýmsir utanaðkomandi þættir haft neikvæð áhrif á starfsemi hótelsins.

Aðallega má þar nefna gengisþróun en aðstæður í rekstri lítilla og meðalstórra hótela eru þannig að binda þarf verðskrá 18 mánuði fram í tímann í erlendum gjaldmiðlum. Styrking krónunnar á síðasta ári og það sem af er þessu ári er svo mikil að hótelið hefur þurft að taka á sig gengistap sem nemur tugum milljónum króna.

Jafnframt má nefna hækkandi verðlag innanlands gagnvart ferðamönnum sem hefur m.a. leitt til þess að dagleg viðskipti erlendra hótelgеста hafa breyst, þeir spara við sig kaup á veitingum og tekjur á hvern gest hafa dregist saman.

Afleiðingin þessa er sú að við finnum jafnt og þétt fyrir samdrætti í eftirspurn, jafnt frá einstaklingum sem erlendum ferðaheildsölum.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að á sama tíma hefur rekstrarkostnaður hækkað verulega og er þar fyrst að nefna hækkun launa en einnig hækkun húsaleigu sem fylgir innlendri vísitölupróun.

Ísland hefur alla tíð verið fremur dýr áfangastaður, en líklega aldrei sem nú. Undir þessum kringumstæðum er óverjandi að ætla að fara með virðisaukaskatt á gistinguna úr neðra þrepi upp í það efra. Þetta er hækkun upp á 12%. Sú verðhækkun sem af þessu leiðir gerir okkur ósamkeppnisfær við aðra áfangastaði og er líkleg til að hafa verulega neikvæð áhrif á reksturinn sem ekki þolir meira en nú þegar hefur verið á hann lagt.

Fastir erlendir viðskiptavinir hafa fyrir reglu að panta langt fram í tímann. Nú ber svo við að þeir eru mun tregari en áður til að gera það eins og venjan hefur verið. Þeim ofbýður hvað verð hefur hækkað og hafa áhyggjur af að geta ekki selt ferðirnar. Nú þegar eru farnar að berast afbókanir frá hópnum sem eru hættir við að koma vegna þess að „Ísland er svo dýrt“. Nógu slæmt er að finna fyrir þeirri tregðu sem einkennir samskiptin núna, þó svo að skattahækkun bætist ekki við.

Reykjavík 25. apríl 2017

Sunna Þórðardóttir
hótelstjóri